Nd. **455. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: Jón Jónsson þm. S. M.
Jón Jónsson þm. N. M.
Jón Þorkelsson.

1. 22. gr. orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja, svo og öll önnur lög og tilskipanir, er koma í bága við lög þessi.

2. Eftir þessa 22. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Lög þessi koma ekki til framkvæmdar fyr en 1. jan. 1912, og er framkvæmd þeirra enn fremur því skilyrði bundin, að áður hafi fram farið um þau almenn atkvæðageiðsla þeirra manna, er kosningarrétt eiga til alþingis, og hafi fullir þrír fimtungar þeirra, er atkvæði greiddu, verið með lögunum. Þessi atkvæðagreiðsla fari fram síðari hluta ársins 1910, á sama degi um land alt, og sé hún leynileg og undir nákvæmu eftirliti, er landsstjórnin fyrirskipar um, og sé kostnaður við það greiddur úr landssjóði.